

REGLUGERÐ**um niðurfellingu reglugerðar um bann við togveiðum í Djúpál.****1. gr.**

Frá og með 29. september 1978, er felld úr gildi reglugerð nr. 319 20. september 1978, um bann við togveiðum í Djúpál.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. september 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

5. september 1978.

Nr. 363.

AUGLÝSING**um umferð í Borgarnesi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. ágúst 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Borgarneshrepps eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Borgarnesi:

1. Settar verða gangbrautir á Borgarbraut á móts við Borgarnesapótek og gegnt íþróttavelli.
2. Hraðatakmarkamerki B-11 verður sett upp ofan við Hrafnaklett.
3. Biðskylda verður við Borgarnesbraut þegar komið er úr Bjargslandi við Hrafnaklett.
4. Biðskylda verður á Kjartansgötu við Kveldúlfsgötu.

Skrifstofu Mýra- og bargarfjarðarsýslu, 5. september 1978.

Ásgeir Pétursson.

3. október 1978.

Nr. 364.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.****1. gr.**

22. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ekki er heimilt að flytja úr landi eða til Íslands íslensk skuldabréf og hvers konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenskum gjaldeyri, nema að fengnu leyfi, sem Seðlabanki Íslands veitir.

Heimilt er að flytja úr landi og til Íslands peningaseðla og skiptimynt, sem hér segir: